

regluþjóna hefir ákærður Ólafur Kjartan Ólafsson gerzt sekur við 101. gr. og 102. gr. alm. hegningarlaga og með tilliti til þess að telja má að hótanirnar séu frekar reiðiyrði ákærðs, en alvarlega meintar, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 18 daga einföldu fangelsi.

Ákærður Hjálmtýr hefir með brixlyrðum sínum gerzt sekur við 102. gr. alm. hegningarlaga og ennfremur við 10. gr. reglugerðar nr. 108 1931 um sölu og veitingar vína þeirra, sem um ræðir í lögum nr. 3 frá 1923, sbr. 41. gr. áfengislaga nr. 64 1930. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 18 daga.

Kostnað sakarinnar greiði ákærðir báðir in solidum, þar á meðal 35 krónur til skipaðs talsmanns síns, Arnljóts Jónssonar, lögfræðings.

Á máli þessum hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 25. febr. 1935.

Nr. 183/1934. **Réttvísir** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

**Póroddi Guðmundssyni, Eyjólfí
Árnasyni, Aðalsteini Kristmunds-
syni, Gunnari Jóhannssyni og Aðal-
birni Péturssyni** (Guðm. Ólafsson).

Brot g. 83. gr. hegnl.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 21. ágúst 1934: Sökunautarnir, Póroddur Guðmundsson, Siglufirði, Eyjólfur Árnason, Ísafirði, Aðalsteinn Kristmundsson, sem kallar sig Stein Steinar, Reykjavík, sæti sem aðalmenn 3ja mánaða einföldu fangelsi. Kærðu Gunnar Jóhannsson og Aðalbjörn Pétursson, Siglufirði, sæti sem aðstoðarmenn 2ja mánaða einföldu fangelsi.

Svo greiði hinir kærðu in solidum allan löglegan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Ákærði, Þóroddur Guðmundsson, hefir kannazt við það, að hann hafi 6. ágúst 1933 látið svo um mælt, að hann teldi sig hafa leyfi til að rífa niður fána blóðhundsins Hitlers. Með þessum ummælum um þáverandi kanslara þýzka ríkisins hefir hann gerzt sekur við 83. gr. 4. málsg. alm. hegningarlaga. Brot hinna ákærðu, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, varðar við 83. gr. 4 málsg., sbr. 48. gr. hegnl. Þykir refsing hinna ákærðu Þórodds Guðmundssonar, Gunnars Jóhannssonar og Aðalbjörns Péturssonar, hæfilega ákveðin eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi, en refsing hinna ákærðu Eyjólfss Árnasonar og Aðalsteins Kristmundssonar þykir mega færa niður í 2 mánaða einfalt fangelsi. Með þessum athugasemdum og breytingum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Hinum ákærðu ber að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að ákærðu Eyjólfur Árnason og Aðalsteinn Kristmundsson sæti 2 mánaða einföldu fangelsi. Hinir ákærðu, Þóroddur Guðmundsson, Eyjólfur Árnason, Aðalsteinn Kristmundsson, Gunnar Jóhannsson og Aðalbjörn Péturs-

son, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Guðmundar Ólafssonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með eigin játningu og vitnaframburði er sannað, að Þóróddur Guðmundsson, Siglufirði, Eyjólfur Árnason, Ísafirði og Aðalsteinn Kristmundsson, sem kallar sig Stein Steinar, Reykjavík, hafi 6. ágúst 1933 farið að þýzka vicekonsulatinu á Siglufirði og farið inn í garðinn, þar sem var aðgangur að fánasnúrunum. Skar Þóróddur Guðmundsson á þýzka hakakrossfánann, sem vicekonsulatið hafði við hún ásamt eldri þjóðfánanum, og með þeim Eyjólf Árnasyni og Aðalsteini Kristmundssyni, svifti hann hakakrossfánanum í sundur og tróð á fánaslitrinum. Meðákærðir Gunnar Jóhannsson og Aðalbjörn Pétursson hafa og veitt aðstoð sína þannig, að þeir hafa fylgzt með í aðförinni að þýzka vicekonsulatinu og staðið hjá er hakakrossfáninn var skorinn niður, rifinn og trampaður og verða þannig að skoðast sekir um aðstoð við verknaðinn.

Kærðu hafa fært fram, sem varnarástæður til sýknu sinnar, að þýzki hakakrossfáninn sé eigi þýzkur þjóðfáni heldur flokksfáni, að stjórnin, sem hafi fyrirskipað að nota þenna fána, sé eigi lögleg stjórn Þýskalands, að þýzka stjórnin hafi fyrst í september 1933 fyrirskipað, að hakakrossfáninn skyldi vera jafnréttthár eldri þýzka þjóðfánanum og því ósáknæmt að rífa hakakrossfánann niður 6. ágúst 1933.

Sú varnarástæða sökunauts, að þýzka stjórnin sé eigi lögleg stjórn Þýskalands getur eigi komið til greina. Hverjum einstakling er skylt að láta í friði fána þeirrar stjórnar, sem fer með völd í erlendu ríki, án þess að til greina

komi innanlands þjóðfélagsmál þess ríkis eða stjórn mála-skoðanir sökunauta. Það er og eigi rétt hjá kærðum, að þýzka stjórnin hafi fyrst í september 1933, löggilt hakakrossfánann, því að eins og framlögð tilskipun ber með sér, gaf þýzka stjórnin út 12. marz 1933 tilskipun um að hakakrossfánann skuli hefja að að hún ásamt eldri þýzka ríkisfánanum og löggildir þar með hakakrossfánann sem ríkisfána (þjóðfána) við hliðina á eldri þýzka ríkisfánanum. Að visu hefir ríkisstjórn Íslands ekki fyrr en með bréfi þýzka sendiráðsins í Kaupmannahöfn, dags. 22. sept 1933, sem stjórnin fyrst móttók 6. dez. s. á., fengið tilkynning um löggildingu þýzka hakakrossfánans. Kemur þá til álita hvort tilkynning hlutaðeigandi ríkis beri að skoða sem skilyrði fyrir því að fáni þess njóti réttarverndar fyrir skemmdum eða óvirðingum. Slíkt verður ekki talið rétt eins og hér stendur á. Hér er það þýzkt stjórnarvald eða fulltrúi þess, þýzkt vicekonsulat, sem samkvæmt þýzkri tilskipun fánar með þýzka hakakrossfánanum ásamt hinum eldri þýzka ríkisfána. Þótt tilskipun um hakakrossfánann, fyrgreind tilskipun frá 12. marz 1933, væri þá eigi birt á Íslandi, áttu sökunautar að segja sjálfum sér, að hakakrossfáninn væri, er hann var notaður af þýzku vicekonsulati, þýzkt ríkismerki, sem saknæmt væri að skemma eða óvirða.

Verknaður sökunauta er því fólkinni í því, að skemma og óvirða fána erlends ríkis og er því refsiverð móðgun gegn og árás á hlutaðeigandi ríki og fellur sá verknaður undir ákvæði IX. kafla refsilaganna, ekki síður en að „meiða útlendar þjóðir“ eftir 83. gr. refsilaganna. Að þessi skilningur er réttur verður enn auðsærra er það er athugað, að þótt hér hefði eigi verið að ræða um löggiltan ríkis-eða þjóðfána, heldur um annað merki, sem vicekonsulatið hefði notað samkv. fyrirmælum hlutaðeigandi ríkisstjórnar, þá hefðu skemmdir á slíku merki af ásettu ráði orðið að skoðast sem árás á og móðgun gegn vicekonsulatinu og þá að sjálfsögðu móðgun gegn hlutaðeigandi ríki, sem vicekonsulatið væri fulltrúi fyrir.

Álíz refsing sökudólga, sem allir hafa náð lögaldri sakamanna og engir áður sætt refsingu af hálfu þess opinbera, hæfileg svo sem hér segir:

Þóroddur Guðmundsson, Siglufirði, Eyjólfur Árnason,

Ísafirði og Aðalsteinn Kristmundsson, sem kallar sig Steinn Steinar, Reykjavík, sæti sem aðalmenn 3ja mánaða einföldu fangelsi. Gunnar Jóhannsson og Aðalbjörn Pétursson sæti sem aðstoðarmenn 2ja mánaða einföldu fangelsi.

Svo greiði hinir kærðu in solidum allan löglegan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Miðvikudaginn 27. febrúar 1935.

Nr. 181/1934. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)
gegn

Brynjólfi Magnússyni
(Bjarni P. Johnson).

Sýknun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. sept. 1934: Kærður, Brynjólfur Magnússon, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 10 daga.

Svo skal og kærður sviptur leyfi til bifreiðaaksturs í 3 mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærði hefir kannazt við, að hann hafi um kl. 11 síðdegis þann 12. júlí f. á. drukkíð eitt staup af áfengi (portvíni). Eftir, eða um kl. 2 árdegis þann 13. s. m., tók hann við stjórn bifreiðarinnar R. E. 102. Þessari skýrslu hans hefir ekki verið hnekkt, og verður því að leggja hana til grundvallar. Þar sem svo lítið kvað að áfengisnautn kærða og nær 3 klukkustundir liðu frá henni og þar til hann tók við stjórn bifreiðarinnar, þá verður hann eigi talinn hafa neytt áfengra drykkja „við bifreiðaakstur“, sbr. 20. gr. laga nr. 64/1930 og 3. málsg. 5. gr. laga nr.